

Skilyrði vegna innflutnings á notuðum landbúnaðarvélum til Íslands

- a. Innflytjandi notaðra landbúnaðarvéla og áhalda, þar með talinna hestakerra og annarra tækja sem notuð hafa verið í landbúnaði eða verið í snertingu við dýr, dýrafurðir eða dýraúrgang skal tilkynna Matvælastofnun um fyrirhugaðan innflutning með 20 daga fyrirvara (eða skemur ef öll skilyrði eru þegar uppfyllt). Tilkynna skal innflutninginn í þjónustugátt Matvælastofnunar með umsóknarformi 10.01 og senda umbeðnar upplýsingar (tegundarheiti, árgerð, lýsingu og verksmiðju-/framleiðslunúmer). Verksmiðju-/framleiðslunúmer skal skráð á vottorð og önnur gögn er málið varðar. Myndir og vottorð má senda í gegnum gátt eða með tölvupósti til innflutningur@mast.is eftir að innflutningurinn hefur verið tilkynntur.
- b. Alla hluta, innan sem utan, hjólbarða og hjólabúnað, eftir því sem við á, skal þvo með heitu vatni undir þrýstingi.
- c. Fjarlægja skal öll skilrúm, stoðir og aðra lausa hluta til að auðvelda aðgengi til þvottar á holrýmum. Timbur, gúmmí, plast og slitna/skemmda hluta skal fjarlægja eftir föngum.
- d. Sóttþreinsa skal alla hluta, utan sem innan. Sérstaka áherslu skal leggja á sótt-hreinsun á undirvagni, öxlum, hjólbörðum og stýrishúsi, eftir því sem við á. Nota skal viðurkennd sóttþreinsiefni.
- e. Stafrænar myndir af tækinu eða áhaldinu, sérstaklega af stöðum þar sem líklegt er að óhreinindi safnist fyrir, bæði að utan og innan og af undirvagni, skal senda Matvælastofnun að verki loknu. Myndir af eftirfarandi í góðri upplausn skulu fylgja tilkynningu (þessi listi á fyrst og fremst við um dráttarvélar en skal nota til viðmiðunar vegna annarra véla)
- Dráttarvélin í heild sinni
 - Skráningarnúmer (plata)
 - Undirvagn
 - Framhlið; nærmyndir af búnaði þar sem líklegt er að safnist óhreinindi
 - Bakhlið; nærmyndir af búnaði þar sem líklegt er að safnist óhreinindi
 - Stýrishús
 - Gólf stýrishúss
 - Undir mottu í gólfi stýrishúss - losa skal festingar og lyfta mottu upp
 - Hjólbarðar (að utan)
 - Hjólbarðar (að innan)
 - Hjólabúnaður
 - Bretti
 - Aðrir hlutar/búnaður þar sem líklegt er að safnist óhreinindi
- f. **Vottorð frá dýralækni** í útflutningslandi sem staðfestir að þrif og sóttþreinsun hafi farið fram skal sent Matvælastofnun.
- g. Matvælastofnun veitir útskipunarheimild sé það metið sem svo út frá framlögðum myndum og vottorði að vélin/tækið standist skilyrði vegna innflutnings.
- h. Vélar eða tæki skulu flutt til uppskipunarhafnar og ekki tollafgreidd fyrr en farið hefur fram úttekt af hálfu eftirlitsdýralæknis viðkomandi umdæmis um að þvottur og sóttþreinsun hafi verið fullnægjandi. Að öðrum kosti skulu vélar eða tæki þvegin og/eða sóttþreinsuð að nýju ef þörf krefur að mati eftirlitsdýralæknis.

Óheimilt er að flytja notaðar landbúnaðarvélar og áhöld, þar með taldar hestakerrur og önnur tæki sem notuð hafa verið í landbúnaði eða gætu hafa verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang til landsins ef skilyrði sbr. 1. mgr. eru ekki uppfyllt. Telji Matvælastofnun hættu á því að smitefni berist til landsins með notaðri landbúnaðarvél eða tæki þrátt fyrir að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. fyrir innflutning eða hreinsun viðkomandi vélar eða tækis er ekki fullnægjandi við innflutning er Matvælastofnun heimilt að stöðva innflutning.

[Reglugerð 1250/2019 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins](#) kveður á um skilyrði vegna innflutnings á notuðum landbúnaðartækjum.